

Fimmtudagurinn 13. nóvember 1997 kl. 15:30

101. fundur samkeppnisráðs

Álit nr. 10/1997

**Beiðni um álit á mismunandi tollflokkun
kókódrykksins „Jibbí“ og „MS“ kókómjólkur**

I.

Erindið

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 16. október s.l., frá fyrirtækinu Sól hf. þar sem óskað var eftir álit stofnunarinnar á úrskurði fjármálaráðuneytisins þess efnis að kókódrykkurinn Jibbí skuli bera 24,5% virðisaukaskatt. Helstu samkeppnisvörur Jibbí, sem eru MS kókómjólk og innflutt Nesquick kókómjólk bera 14% virðisaukaskatt, segir í erindinu.

Ennfremur segir að Jibbí sé íslensk afurð, búin til úr íslensku undanrennudufti, smjöri, vatni auk fleiri efna. Til þess að fá vöruna metna til sambærilegs virðisaukaskatts og samkeppnisvörunar, hafi verið leitað allra ráða. Málið hafi nú þegar farið til tollstjórans í Reykjavík, fjármálaráðuneytisins og ríkistollstjóra. Meðfylgjandi voru eftirtalin bréf vegna málsins:

2.

Ákvörðun tollstjórans í Reykjavík, dags. 5. september s.l., um tollflokkun vörunnar. Þar segir að innihald sé innan við 75% mjólkurafurðir, tollflokkun vörunnar sé samkvæmt því í tollnúmer 2202.9091, vörugjald sé kr. 8 per lítra og vsk. 24,5%.

3.

Bréf Sólar hf. til fjármálaráðuneytisins, dags. 8. september. Þar er þess farið á leit að fjármálaráðuneytið endurskoði ákvörðun tollstjóra. Óskað er eftir því að gjöld verði ákvörðuð þannig að hin almenna regla um að samskonar vörur beri sambærileg vörugjöld og virðisaukaskatt verði höfð að leiðarljósi. Sambærileg vara á markaðnum sé MS kókómjólk.

4.

Bréf Sólar hf. til ríkistollstjóra, dags. 2. október, sama efnis. Því til staðfestingar að Jibbí og MS kókómjólk séu sambærilegar vörur fylgdu niðurstöður rannsókna sem framkvæmdar voru af Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, efnafræðistofu. Þar segir m.a. um innihald Jibbí og MS kókómjólkur:

Jibbí: Prótein 3,2%, fita 1,7%, vatn 83,4%, aska 0,7%, kolvetni 11,0%.

MS: Prótein 3,1%, fita 1,1%, vatn 85,6%, aska 0,7%, kolvetni 9,5%.

5.

Svar fjármálaráðuneytisins við bréfi Sólar hf., dags. 13. október. Þar segir:

„Ráðuneytið óskaði með bréfi dags. 14. september s.l. eftir umsögn ríkistollstjóra um erindið. Í umsögn embættisins, dags. 8. október sl., kemur m.a. fram að sá munur sé á vörunum að í MS kókómjólk sé hlutfall mjólkurafurða (nýmjólkur) yfir 75%, en í kókódrykknum Jibbí sé hlutfall mjólkurafurða (undanrennudufts og smjörs) hins vegar ekki yfir 11%. Í ljósi þessa sé ljóst að MS kókómjólk flokkist samkvæmt 1. og 6. túlkunarreglu tollskrá í tollskrárnúmer 2202.9011. Jibbí kókódrykkur flokkist hins vegar undir tollskrárnúmerið 2202.9091, þar sem innihald mjólkurafurða sé innan við 75%. Enn fremur er vísað til skýringaliða B.2. við vörulið 2202 í skýringabókum Alþjóðatollastofnunarinnar, en þar sé áréttuð flokkun kókódrykkja, á borð við þann sem fyrirtækin framleiða, í þann vörulið.

Samkvæmt þessu er skýring á mismunandi gjaldtöku af umræddum drykkjarvörum sú að vegna mismunandi magns af mjólkurafurðum flokkast vörurnar undir sitt hvort tollskrárnúmerið, er bera mishá gjöld. Drykkjarvara sem flokkast undir tollskrárnúmerið 2202.9011 inniheldur mjólkurafurðir sem nema a.m.k. 75% af þyngd vörunnar. Drykkjarvara sem flokkast undir tollskrárnúmerið 2202.9091 inniheldur hins vegar minna magn mjólkurafurða en sem nemur 75% af þyngd vörunnar. Vörur sem framleiddar eru hér á landi og falla undir fyrrgreind tollskrárnúmer bera því mismunandi gjöld. Í báðum tilvikum reiknast vörugjald að fjárhæð 8 kr/lítra. Hins vegar flokkast vörur í tollskrárnúmeri 2202.9011 í lægra þrep virðisaukaskatts (14%), en vörur í tollskrárnúmeri 2202.9091 í hærra þrep skattsins (24,5%).

Skv. 8. tölul. 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt bera matvörur og aðrar vörur til manneðis 14% virðisaukaskatt. Það á þó ekki við um sælgæti, drykkjarvörur og fleiri vörur sem flokkast undir tiltekin tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka við lögin. Vörur sem flokkast undir tollskrárnúmerið 2202.9011 bera samkvæmt því 14% virðisaukaskatt en vörur í tollskrárnúmeri 2202.9091 falla hins vegar undir upptalningu viðaukans yfir vörur sem bera 24,5% virðisaukaskatt.

Með vísan til framangreinds telur ráðuneytið að umræddar vörur séu réttilega flokkaðar til gjaldskyldu og að gjaldtaka af þeim sé í samræmi við þá skiptingu á drykkjarvörum í lægra og hærra þrep virðisaukaskatts, sem fram kemur í 8. tölul. 14. gr. laga nr. 50/1988, svo og viðauka við lögin.“

II.

Málsmeðferð

1.

Erindið var sent fjármálaráðuneytinu til umsagnar með bréfi, dags. 24. október. Svar barst, dags. 8. nóvember. Þar segir að meginreglan sé sú samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, að drykkjarvörur flokkist í hærra þrep virðisaukaskatts. Drykkjarvörur úr mjólkurafurðum flokkist þó í lægra þrep skattsins. Ástæðan fyrir mismunandi gjaldskyldu sé sú að vöurnar innihaldi mismikið magn af mjólkurafurðum. Telst MS kókómjólkin vera úr mjólkurafurðum og sé því réttilega flokkuð í lægra þrep skattsins. Jíbbí kóködrykkur telst hins vegar ekki vera úr mjólkurafurðum og flokkast samkvæmt því í hærra þrepið. Að öðru leyti vísar ráðuneytið á skýringar í bréfi sínu til Sólar hf.

III.

Álit samkeppnisráðs

1.

Með vísan til markmiðs samkeppnislaga, sbr. 1. gr. þeirra, vekur samkeppnisráð athygli fjármálaráðuneytisins á eftirfarandi álitum sem birt er á grundvelli d-liðar 2. mgr. 5. gr. laganna.

2.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar kvartar framleiðandi kókódrykksins Jibbí yfir mismun á gjaldskyldu virðisaukaskatts. Hans framleiðsla ber 24,5% virðisaukaskatt, en samkeppnisvaran MS kókómjólk 14% virðisaukaskatt. Hann óskar eftir því að hin almenna regla um að samskonar vörur beri sambærileg vörugjöld og virðisaukaskatt verði látin gilda.

Skýring fjármálaráðuneytisins á mismunandi gjaldskyldu er sú að MS kókómjólkin telst vera úr mjólkurafurðum, en kókódrykkurinn Jibbí ekki.

Kókódrykkurinn Jibbí er framleiddur úr undanrennudufti, smjöri og vatni auk fleiri efna. Samkvæmt efnagreiningu, sem framkvæmd var hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins eru nánast sömu efni í Jibbí og MS kókómjólk. Í framleiðslu Sólar hf. eru prótein og fita 4,9% og vatn 83,4%. Í framleiðslu MS eru prótein og fita 4,2% og vatn 85,6%. Helsti munur á þessum vörum virðist vera sá að vatnið í MS kókómjólkinni kemur úr kúnni, en hjá Sól hf. er vatninu bætt í vöruna í framleiðslunni.

3.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þar með að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Þessu markmiði skal náð m.a. með því að efla virka samkeppni í viðskiptum, vinna gegn samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Mismunandi gjaldskylda virðisaukaskatts af samkeppnisvörum dregur úr samkeppni og er til þess fallin að útiloka aðila frá markaðnum. Vara sem ber hærri virðisaukaskatt verður dýrari til neytandans, og samkeppnisstaða hennar því lakari. Þær tvær vörutegundir sem hér er um rætt eru að mati samkeppnisráðs hliðstæðar og ættu því að vera í sama þrepi virðisaukaskatts.

Samkeppnisráð beinir þeim eindregnu tilmælum til fjármálaráðuneytisins að tollflokkun kókódrykksins Jibbí verði endurskoðuð með það að markmiði að gjaldskylda virðisaukaskatts verði með sama hætti og gildir fyrir hliðstæðar vörur svo sem MS kókómjólk. Þess skal gætt að samkeppnisaðilum sé ekki mismunað og samkeppnisstaða þeirra skekkt með mismunandi gjaldtöku af hliðstæðum vörum.